



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

MANSAL

Upplýsingar og leiðbeiningar um verklag fyrir lögreglu

Ágúst 2010

Inngangur

Meðfylgjandi upplýsingar eru teknar saman af greiningardeild ríkislögreglustjóra um mansal og hvernig haga beri verklagi við að bera kennsl á mögulega þolendur þess. Þær eru að stórum hluta unnar upp úr handbók norsku lögreglunnar. Á ensku nefnist handbókin „Guide to Identification of Possible Victims of Trafficking“.

Upplýsingar þessar eru teknar saman fyrir íslensku lögregluna. Ljóst er að í mjög mörgum tilvikum mansals er lögreglan fyrsti aðilinn sem að slíkum málum kemur. Mikilvægt er því að lögregla hafi tiltækar upplýsingar um mansal, birtingarmyndir þess og sérstöðu á vettvangi afbrota. Þar eð lögregla er oftast en ekki fyrsti viðbragðsaðili er afar mikilvægt að tiltækar séu upplýsingar um hvernig bera megi kennsl á mögulega þolendur mansals. Í því efni þurfa að liggja fyrir leiðbeiningar um verklag við þá vinnu. Meðfylgjandi upplýsingar eru teknar saman til að auðvelda þá greiningu og gera hana markvissari en ella.

Rétt nálgun gagnvart mögulegum þolanda mansals er lykilatriði á upphafsstigum máls. Í því efni er afar mikilvægt að réttar spurningar séu fram bornar. Leiðbeiningar hvað þetta varðar er að finna í meðfylgjandi texta.

Hvað er mansal?

Mansal er sú grein skipulagðrar glæpastarfsemi sem talin er í einna örustum vexti um heim allan. Algengur er sá misskilningur að mansal taki eingöngu til kvenna og að hugtakið feli einungis í sér kynlífsþrælkun. Svo er ekki. Mansal er mun víðtækara hugtak og tekur jafnt til karla sem kvenna. Mansali hefur verið lýst sem „þrælahaldi án hlekkja“.

Í einfölduðu máli má segja að tiltekinn einstaklingur sé þolandi mansals ef viðkomandi er þvingaður eða gínttur í aðstöðu þar sem hann eða hún sætir misnotkun.

Í 227. gr.a. almennra hegningarlaga segir:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ólögumatri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv.

233. gr., eða ólögætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi.

2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.

3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr.

Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónuskilríki.

2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.

3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

Tekið skal fram að þess er að vænta að gerðar verði breytingar á þessari grein almennra hegningarlaga í samræmi við mansalsbókun við Palermó-samninginn svonefnda. Palermóbókunin er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um aðgerðir gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.

Hverjir eru polendur mansals?

Mikilvægt er að haft sé í huga hugtakið „mansal“ getur tekið til allra. Kyn, aldur, ríkisfang, kynþáttur og aðrir auðkennandi þættir breyta þar engu. Jafnframt skal vakin athygli á því að í Evrópuráðssamningi um aðgerðir gegn mansali frá árinu 2005 er tekið fram að samþykki viðkomandi fyrir þeirri misnotkun sem viðkomandi verður fyrir beri að hafa að engu í vissum tilvikum. Það á við um einstaklinga sem eru yngri en 18 ára og þá einstaklinga sem samþykkt hafa misneytingu eftir að hafa sætt ógnunum, ofbeldi, þvingunum, svikum, blekkingum, misnotkun af hálfu valdameiri aðila eða misneytingu sem til er komin vegna bágrar stöðu þolandans.

Hver er munurinn á mansali og smygli á fólki?

Algennt er að þessu tvennu sé ruglað saman. Í mansalsmálum er algengt að fólki sé smyglað frá einu landi til annars en öll mál sem varða smygl á fólki fela ekki í sér mansal. Í þeim

tilvikum sem mansal fer fram innan landamæra tiltekens ríkis og í þeim tilvikum sem mansal felur í sér löglega för yfir landamæri er ekki um smygl á fólki að ræða.

Smygl á fólki er glæpsamlegt athæfi rétt eins og mansal. Markmiðin eru hins vegar ólík. Tilgangurinn með smygli á fólki er sá að flytja tiltekinn einstakling eða hóp einstaklinga yfir landamæri ólöglega og felur því í sér brot gegn fullveldi viðkomandi ríkis. Markmiðið með mansali er á hinn bóginn það, að nýta sér viðkomandi einstakling eða hóp einstaklinga í ábataskyni með einum eða öðrum hætti og felur í sér brot gegn frelsi viðkomandi og mannlegri virðingu.

Smygl á fólki getur þróast út í mansal. Dæmi um þetta gæti verið einstaklingur sem fallist hefur á að greiða tiltekna upphæð fyrir að vera smyglað til Íslands. Þótt umsamin upphæð hafi verið greidd er viðkomandi hins vegar á valdi smyglarans eða tengiliða hans sem kúga viðkomandi um fé eða þjónustu af einhverjum toga á þeim forsendum að „skuldin“ hafi ekki verið greidd.

Ranghugmyndir og misskilningur um mansal

Algennt er að menn misskilji margt það sem mansali tengist og má í mörgum tilvikum telja að hreinar ranghugmyndir séu ríkjandi. Nefna má eftirfarandi staðhæfingar sem allar eru rangar:

- Viðkomandi vissi hvað hann/hún átti í vændum og getur því ekki talist fórnarlamb.
- Viðkomandi nýtti sér ekki tækifæri til að flýja og sætir því ekki kúgun.
- Íslenskir ríkisborgarar geta ekki talist þolendur mansals.
- Til þess að tiltekið mál geti talist mansal þarf viðkomandi einstaklingur eða hópur einstaklinga að hafa farið yfir landamæri.
- Þótt mansal sé andstyggilegt er það inngróið í mörgum menningarsamfélögum og því verður að líða það.
- Í þeim tilfellum sem skipuleggjandi og þolandi eru hjón/sambýlingar/elskendur getur ekki verið um mansal að ræða.
- Tiltekinn einstaklingur getur ekki verið þolandi mansals þegar viðkomandi kveðst búa við betri lífsskilyrði en áður.

- Tiltekinn einstaklingur getur ekki verið þolandi mansals þegar viðkomandi afþakkar boð um aðstoð.
- Tiltekinn einstaklingur getur ekki verið þolandi mansals þegar viðkomandi segist njóta lífsins.

Kennsl borin á þolanda mansals

Í Evrópuráðssamningnum um aðgerðir gegn mansali frá árinu 2005 er kveðið á um að aðildarríki hans skuli berjast með öllum tiltækum ráðum gegn slíkri glæpastarfsemi. Þung áhersla er lögð á mikilvægi þess að leitast sé við að bera kennsl á þolendur mansals.

Í samningnum segir m.a. að vakni grunur um mansal skuli yfirvöld ekki flytja viðkomandi einstakling úr landi fyrr en til þess bærir aðilar hafi lokið vinnu í því skyni að skera úr um hvort viðkomandi sé þolandi mansals. Í þeim tilvikum beri yfirvöldum að sjá til þess að viðkomandi fái alla þá aðstoð sem kveðið er á um í samningnum.

Tryggja ber að þolendur séu upplýstir um þau úrræði sem tiltæk eru þeim til aðstoðar.

Kveðið er á um sérstök viðbrögð af hálfu yfirvalda ef barn á í hlut eða ef ástæða er til að ætla að viðkomandi sé ekki lögráða. Þau viðbrögð felast m.a. í því að fá viðkomandi einstaklingi réttargæslumann jafnframt sem yfirvöldum ber að leitast við að sameina barnið fjölskyldu sinni verði hagsmunir þess best tryggðir með því móti.

Heldur fátítt er að þolendur mansals lýsi því yfir af fúsum og frjálsum vilja gagnvart yfirvöldum eða samtökum að þeir sæti eða hafi sætt slíkri misneytingu eða nauðung. Fyrir þessu eru ýmsar og oft flóknar ástæður m.a. þessar:

- Viðkomandi þekkir ekki hugtakið „mansal“.
- Viðkomandi þekkir hugtakið „mansal“ en telur sig ekki þolanda þess t.a.m. vegna skorts á upplýsingum eða villandi upplýsinga.
- Viðkomandi þekkir ekki réttindi þess sem telst þolandi mansals.
- Viðkomandi finnur til sektarkenndar fyrir að hafa sætt misnotkun.
- Viðkomandi skammast sín vegna stöðu sinnar.

- Viðkomandi óttast refsingu ef beðið er um aðstoð. Viðkomandi kann einnig að óttast að fjölskyldu sinni verði refsað greini hún/hann satt og rétt frá stöðu sinni.
- Viðkomandi biður ekki um hjálp vegna þess að hún/hann óttast að sín bíði fangelsun eða brottvísun.
- Viðkomandi er orðin(n) háð/háður kvölurum sínum („Stokkhólms heilkennið“).
- Viðkomandi telur núverandi stöðu sína sem þolandi mansals vera betri en þá sem hún/hann naut áður. Í þessum tilvikum er um að ræða samanburð á núverandi stöðu og fyrri stöðu sem mótaðist af mikilli fátækt, atvinnuleysi, misneytingu, ofbeldi, stríði, flótta eða öðru slíku.

Markmið greiningar

- Að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega misneytingu.
- Að tryggja að viðkomandi fái upplýsingar um réttarstöðu sína og þá aðstoð sem í boði er.
- Að beina viðkomandi til réttra fagaðila í því skyni að hún/hann fái viðeigandi og sérhæfða aðstoð.
- Að tryggja að barnaverndaryfirvöldum berist upplýsingar þegar fólk undir lögræðisaldri á í hlut.

Vísbendingar um mansal

Framkoma og framburður viðkomandi gefa ásamt fyrirliggjandi upplýsingum um einstaklinginn vísbendingar um hvort mögulega sé um að ræða þolanda mansals.

Hér að neðan er að finna nokkrar helstu vísbendingarnar. Tekið skal fram að þær eiga ekki allar nauðsynlega við í öllum mansalsmálum. Sé einstök vísbending til staðar nægir hún hvorki til að sanna né afsanna að viðkomandi sé þolandi mansals. Þörf er á samhæfðu mati á stöðu viðkomandi í lífinu. Ekki er öruggt að tiltekinn einstaklingur sé þolandi mansals þótt nokkrar vísbendingar eigi vel við hann. Viðkomandi kann hins vegar að eiga við annars konar vanda að glíma og þurfa á sérhæfðri aðstoð að halda. Þannig geta margar eftirfarandi vísbendinga t.d. átt við hælisleitendur án þess að viðkomandi sé þolandi mansals. Eigi

vísbendingarnar á hinn bóginn vel við einstaklinginn er sjálfsagt að til þess bærir aðilar og sérfræðingar rannsaki stöðu hans nánar.

Einstaklingur sem er þolandi mansals kann að:

- Sæta nauðung, blekkingu, yfirráðum og misnotkun vegna bágrar stöðu sinnar.
- Telja að honum beri þvert gegn vilja sínum að vinna eða framkvæma eitthvað það annað sem tryggir öðrum ábata.
- Gefa til kynna að hann telji að fylgst sé með gjörðum sínum.
- Ráða ekki yfir vegabréfi sínu eða öðrum ferðaskjölum.
- Þekkja ekki heimilsfang sitt og vera ókunnugt um hvar nákvæmlega vinnustaður viðkomandi er.
- Leyfa öðrum að tala fyrir sig þegar spurningum er beint til viðkomandi.
- Haga sér þannig að draga má þá ályktun að viðkomandi hafi fengið þjálfun í að bregðast við þessum aðstæðum.
- Hafa takmarkaðan eða engan aðgang að heilbrigðisþjónustu.
- Hafa takmarkaða eða enga möguleika á samneyti við aðra.
- Vera ófær um að tjá sig á frjálstan og óþvingaðan hátt við aðra.
- Skulda öðrum fé.
- Hafa fengið ferðakostnað sinn greiddan og þurfa að endurgreiða hann með vinnu eða annars konar þjónustu í komulandinu.
- Hafa tekið ákvarðanir á grundvelli blekkjandi upplýsinga eða loforða sem síðar voru svikin.
- Hafa tekið ákvarðanir í bágrri stöðu þegar fáir aðrir möguleikar virtust í boði.
- Sæta ofbeldi eða hótunum sem beinast gegn viðkomandi eða fjölskyldu og vinum.
- Sýna merki hræðslu eða álags.

- Bera áverka sem virðast komnir til vegna misneytingar, árásar eða annars konar kúgunar.
- Þjást af álagsmeiðslum sem dæmigerð eru fyrir óviðunandi vinnuskilyrði.
- Að óttast refsingu sem mótar alla framgöngu viðkomandi.
- Tilheyra valdakerfi sem þróast hefur fram innan hóps fórnarlamba mansals sem gerir viðkomandi erfitt að tjá sig um stöðu sína að öðrum viðstöddum.
- Vera neyddur til að brjóta íslensk lög af kúgurum sínum.
- Vantreysta yfirvöldum.
- Sæta hótun um að yfirvöldum verði tilkynnt um hann.
- Hræðast að upplýsa um stöðu sína með tilliti til landvistarleyfis.
- Hafa tiltæk fölsuð skilríki og ferðaskjöl.
- Vinna eða veita þjónustu við óboðlegar aðstæður.
- Vera ókleift að semja um kjör sín og kringumstæður.
- Fá litla sem enga peninga fyrir vinnu sína eða aðra veitta þjónustu.
- Hafa engan eða takmarkaðan aðgang að eigin tekjum.
- Vinna ólöglega langan vinnudag um langan tíma.
- Fá aldrei frídaga.
- Vera í þeirri stöðu að þurfa oft að fara yfir landamæri eða á milli bæjarfélaga í því skyni að vinna eða veita þjónustu.
- Tengjast á einn veg eða annan stað þar sem vitað er að fólk sætir misneytingu.
- Búa í algjörlega óviðunandi húsnæði.
- Að koma frá stað þar sem vitað er að mansal er stundað.
- Sjást á stöðum þar sem ólögleg sala á þjónustu eða varningi fer oft fram.

Vísbendingarnar hér að ofan geta átt við um karla og konur, börn og fullorðna af öllum kynþáttum og af öllu þjóðerni. Vísbendingarnar eru almennar og eiga við um hvers kyns misneytingu sem viðkomandi verður fyrir hvort sem um er að ræða vændi eða annars konar kynferðislega misnotkun, vinnuþrælkun eða nauðungarþjónustu þ. á m. betl, þátttöku í hernaðaráttökum í erlendum ríkjum eða brottnám líffæra úr viðkomandi einstaklingi.

Dæmi um starfsemi þar sem mansal kann að vera á ferð

Þolendur mansals getur verið að finna um land allt. Því fer fjarri að slík starfsemi sé bundin við höfuðborgarsvæðið eða þéttbýli almennt.

Viðkomandi þolendur geta sætt þvingun og ánaud af margvíslegum toga. Hér að neðan eru rakin nokkur dæmi um starfsemi þar sem vera kann að þolendur mansals sé að finna. Listinn er engan veginn tæmandi:

Götuvændi.

Vændi í íbúðum, vændishúsum, klúbbum, nuddstofum, hótelum og öðrum gistihúsum, sánastofum osfrv.

Framleiðsla kláms í prentuðu formi eða á netinu.

Framleiðsla barnakláms.

Skipulögð hjónabönd.

Þvinguð hjónabönd.

Þjónustörf á heimilum.

Barnapössun.

Fjölskyldufyrirtæki.

Störf á veitingastöðum.

Hreingerningarfyrirtæki.

Bifreiðaverkstæði.

Steypuvinna og hellulagning.

Byggingariðnaður.

Landbúnaðarstörf.

Betl.

Götusala.

Þjófnaður og önnur auðgunarbrot.

Framleiðsla, flutningur og dreifing fíkniefna.

Líffæragejör.

Mansal er glæpastarfsemi í stöðugri þróun. Ógerlegt er því að lista upp allar birtingarmyndir þess. Ítrekað skal að ofangreindur listi er engan veginn tæmandi. Jafnframt skal lögð áhersla á að túlkun eða mat á stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu er ein helsta forsenda þess að unnt sé að bera kennsl á möguleg fórnarlömb mansals.

Hvernig bera má kennsl á þolendur mansals – leiðbeiningar um verklag

Áhyggjur af því að tiltekinn einstaklingur þarfnist aðstoðar reynast oft upphaf ferlis sem lýkur með því að viðkomandi er greindur sem hugsanlegur þolandi mansals. Til þess að unnt sé að rannsaka hvort tiltekinn einstaklingur sæti misneytingu sem færi öðrum ábata eða hagnað þarf að fara fram mat á þeim upplýsingum sem lögreglumaðurinn aflar með athugun og samtali við viðkomandi einstakling.

Frumathugun/fyrstu kynni

Framkoma eða atferli einstaklingsins kann að verða til þess að áhyggjur vakni. Sem dæmi má nefna að viðkomandi getur sýnt merki um mikið álag eða hræðslu við aðstæður sem á engan veg verður séð að kallað gætu fram slík viðbrögð væri allt með felldu. Að auki kann hegðun eða framkoma einstaklingsins að gefa til kynna að hann lúti í raun stjórn annarra og njóti þannig ekki frelsis eða sjálfræðis.

Við frumathugun eða fyrstu kynni getur lögreglumaðurinn einnig leitast við að afla staðreynda sem gefið geta vísbendingar um stöðu viðkomandi:

- Hefur viðkomandi tiltæk skilríki sín eða ferðaskjöl?

- Hefur viðkomandi lykil að dvalarstað sínum?
- Hefur hann aðgang að pósti?
- Fær viðkomandi stöðugt heimsóknir frá ókunnugu fólki?

Athugun við fyrstu kynni nægir yfirleitt ekki til að unnt sé að ákvarða hvort tiltekinn einstaklingur er fórnarlamb mansals eða ekki. Yfirleitt er þörf á samtali við viðkomandi.

Viðtal

Áður en viðtal hefst er mikilvægt að lögreglumaðurinn hugleiði þær spurningar sem hann hyggst bera fram. Jafnframt þarf hann að meta hvort hann er sjálfur fær um að stjórna slíku viðtali eða hvort þörf er á leiðsögn sérfræðinga. Þá kemur til álita að vísa einstaklingnum til annarra.

Þolendur mansals kunna að vera og hafa verið undir gríðarlegu álagi og þannig orðið fyrir andlegum og líkamlegum skakkaföllum. Mjög erfitt getur reynst fyrir viðkomandi að skýra frá þeirri erfiðu reynslu. Viðbrögð viðkomandi geta lýst sér í mikilli sorg og miklu andlegu álagi og angist.

Lögreglumaðurinn kann því að koma að viðkomandi í raunverulegu neyðarástandi. Það kann að kalla fram margvísleg og ólík viðbrögð allt frá sinnuleysi til árásargirni og stjórnlausra varnarviðbragða. Í slíkum tilfellum þarf viðkomandi á aðstoð að halda sem miða á að því að veita honum öryggi, hvíld, næringu og sálrænan stuðning. Í slíkum tilfellum ber að fresta frekari og lengri viðtölum.

Þolendur mansals sýna yfirleitt yfirvöldum og hverjum sem bjóða þeim aðstoð mikið vantraust. Þetta eru eðlileg viðbrögðu af hálfu einstaklings sem hefur verið gíntur eða blekkur og kann að búa yfir neikvæðri reynslu af samskiptum við yfirvöld í heimalandi sínu eða í öðrum erlendum ríkjum.

Þekkt er að í upphafi greini hugsanlegur þolandi mansals rangt frá einstaka atriðum. Framburður viðkomandi kann því að breytast. Sem fyrr segir er algengt að fórnarlömb mansals beri í upphafi lítið traust til lögreglu eða annarra fulltrúa yfirvalda. Rangan framburð um einstök atriði í upphafi ber því ekki að túlka á þann veg að viðkomandi sé óáreiðanlegt vitni.

Mjög mikilvægt er því að lögreglumaðurinn hugleiði hvernig hann geti áunnið sér traust viðkomandi. Í því efni skiptir miklu að lögreglumaðurinn sýni viðkomandi umhyggju og virðingu. Fyrirliggjandi reynsla bendir til þess að fórnarlömb mansals öðlist meira traust í garð lögreglu, stuðningsaðila og fulltrúa stjórnvalda eftir því sem viðkomandi fá virkari stuðning og aðstoð.

Jafnframt þarf lögreglumaðurinn að leggja mat á hverjir eigi að taka þátt í viðtalinu og hvar og hvernig best sé að það fari fram. Kynferði, aldur, bakgrunnur og menntun lögreglumannsins og annarra þeirra sem þátt kunna að taka geta sett mark sitt á viðtalið og mikilvægt er að það sé haft í huga.

Setji hugsanlegur þolandi mansals fram óskir um hvernig viðtalinu verði hagað og hverjir taki þátt í því ber að leitast við að virða þær. Mikilvægt er að hlýða á lýsingar á þeim ógnandi aðstæðum sem viðkomandi kann að hafa verið í. Jafnframt ber lögreglumanninum að forðast að gera aðstæður viðkomandi enn erfiðari en ella jafnvel þótt þetta hafi í för með sér að samskipti við einstaklinginn verði minni af þeim sökum.

Óski mögulegur þolandi mansals eftir því að réttargæslumaður, stuðningsaðili eða aðrir sambærilegir aðilar séu viðstaddir samtalið ber að leitast við að uppfylla þá ósk. Hins vegar er mikilvægt að lögregla sé á varðbergi gagnvart ósk um að þriðji aðili verði viðstaddur samtalið. Sú hætta er fyrir hendi að þar ræði um geranda eða aðila tengdan geranda. Lögregla þarf því að vera undir það búin að skilja að mögulegt fórnarlamb mansals og þriðja aðila. Jafnframt ber þá að taka viðkomandi fylgdarmanneskju til skýrslutöku.

Mikilvægt er að grennslast sé fyrir um það strax í fyrsta viðtali hvort viðkomandi fórnarlambi geti verið hætta búin og gera viðeigandi ráðstafanir sé niðurstaðan sú.

Framkvæmd viðtals

Tryggja ber að viðtalið fari fram í herbergi þar sem engin hætta er á truflunum.

Slökkva ber á farsíma og ganga úr skugga um að enginn geti komið inn í herbergið og truflað viðtalið.

Lögreglumaðurinn ætti að hefja viðtalið með því að kynna sjálfan sig, segja frá hlutverki sínu, tilkynningarskyldum sínum og trúnaði.

Útskýra ber fyrir viðkomandi að staða hans vekir áhyggjur og að tiltæk séu úrræði og vernd kjósi hann að nýta sér þau.

Mikilvægt er að viðkomandi sé greint frá réttindum sínum og hvaða úrræði séu tiltæk til að koma viðkomandi til hjálpar.

Reynast kann nauðsynlegt að margítreka mikilvægar upplýsingar og að ganga úr skugga um að viðkomandi hafi skilið þær með fullnægjandi hætti.

Ótækt er að spyrja viðkomandi beint: Sætir þú kúgun eða þvingunum? Hugtakið „þvingun“ má skilja með ýmsu móti og óráðlegt að er að ganga út frá því að viðkomandi hafi á því sama skilning og sá sem spurninguna ber fram.

Í stað beinnar spurningar er því ráðlegt að bera fram nokkrar spurningar frá mismunandi sjónarhornum, ekki síst til þess að skapist gagnkvæmur skilningur þess sem spyr og hins mögulega þolanda mansals:

- Getur þú yfirgefið vinnustað þinn eða dvalarstað þegar þú vilt?
- Þarft þú að biðja einhvern um leyfi ef þú hyggst fara til læknis, í klippingu, verslunarferð osfrv?
- Hefur þú lykil að dvalarstað þínum?
- Hefur þú óheftan aðgang að þeim pósti sem þér berst eða les einhver annar hann?
- Borgar vinnuveitandi þinn þér laun inn á bankareikning sem þú ein(n) hefur aðgang að?
- Keyptir þú sjálf(ur) SIM-kortið í farsíma þinn?
- Getur þú skipt um SIM-kort eða símanúmer þegar þú vilt?
- Hefur þú tiltæk vegabréf þitt/persónuskilríki/ferðaskjöl eða eru þau í vörslu annarra?

Reynslan kennir að langur tími kann að líða áður en saga þolanda mansals liggur fyrir. Lögregla þarf því að vera undir það búin að mörg samtöl við viðkomandi reynist nauðsynleg.

Staða og viðbrögð spyrjandans

Í viðtölum við mögulega þolendur mansals þarf lögreglumaðurinn að vera undir það búinn að honum verði sagt frá skelfilegri reynslu og aðstæðum. Slíkt getur verið niðurdrepani og lögreglumaðurinn kann að skynja stöðu sína á þann veg að ógerlegt sé að hjálpa fórnarlambinu; vandi þess sé svo mikill og margháttaður.

Lögreglumaðurinn verður að hafa í huga að það er ekki hans að bregðast við öllum þeim vanda sem við blasir. Sérfræðingar þekkja betur þær spurningar sem bera þarf fram og þeir þekkja betur tiltæk úrræði.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að lögreglumaðurinn fyllist eldmóði í viðleitni sinni til að koma viðkomandi til hjálpar og hann gerist sekur um að gefa mögulegum þolanda mansals óraunhæf loforð eða hann gleymi að virða sjálfsákvörðunarrétt viðkomandi.

Upplýsingarnar sem lögreglumaðurinn veitir þolandanum þurfa því að vera raunhæfar og afar mikilvægt er að lögreglumaðurinn gefi ekki loforð, telji hann ekki algjörlega öruggt að við þau verði unnt að standa.

Neikvæð viðbrögð mögulegs þolanda mansals

Ekki er óeðlilegt að þolendur mansals afþakki boð um aðstoð og vernd. Viðkomandi kunna jafnvel að forðast í hvívetna að gefa á sér færi í viðtalinu.

Lögreglumaðurinn þarf að hafa í huga að það er jafnan jákvætt að hann skuli hafa sýnt þolandanum að honum er annt um velferð hans.

Lögreglumaðurinn þarf að hafa í huga að það er jafnan jákvætt að hann skuli hafa gefið sér tíma til að upplýsa viðkomandi um rétt hans og tækifæri til að leita aðstoðar. Þær upplýsingar geta reynst mikilvægar ef þolandinn ákveður síðar að leita aðstoðar og verndar.

Túlkþjónusta

Augljóslega getur komið til þess að nauðsynlegt reynist að fá aðstoð túlks þegar viðtal fer fram. Kosta skal kapps um að einungis hæfir túlkar séu fengnir til þessa starfs.

Mikilvægt er að haft sé í huga að kyn túlksins og bakgrunnur getur haft áhrif á viðtalið. Þannig eiga margar konur erfitt með að lýsa kynferðislegri misnotkun ef túlkurinn er karl.

Hins vegar þekkist það einning að konur eigi auðveldara með að lýsa reynslu sinni af þvinguðu vandi með aðstoð túlks af karlkyni.

Túlkur sem talar móðurmál þolandans og hefur sama menningarlega bakgrunn getur orðið til þess að þolandinn róist og eigi auðveldara með að tjá sig.

Sú hætta er hins vegar einnig fyrir hendi að túlkur sem tilheyrir sama þjóðerni/þjóðfélagshópi veiki ótta hjá þolandanum um að túlkurinn muni miðla upplýsingum til annarra aðila innan sama hóps. Þetta kann einnig að fela í sér ótta þolandans um að hann muni sæta fordæmingu innan hópsins.

Þverfagleg aðstoð, tilkynningar og trúnaður

Afskiptum af þolendum mansals fylgir sú kvöð að trúnaðar sé gætt í hvívetna. Þolendur kunna að búa við þær aðstæður að samskipti við utanaðkomandi feli í sér ógn við líf þeirra og velferð.

Að auki er sú hætta fyrir hendi að kæruleysi við meðhöndlun persónulegra upplýsinga geti af sér umfjöllun í fjölmiðlum. Slíkt kann að hafa í för með sér aukið álag fyrir þolandann og hugsanlega ógn við öryggi hans.

Þverfagleg nálgun sem krefst góðrar samvinnu ýmissa stofnana og aðila er algjörlega nauðsynleg ef í ráði er að bjóða þolanda mansals aðstoð. Sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal annast þá samhæfingu í þeim tilvikum sem rökstuddur grunur vaknar um að tiltekinn einstaklingur eða hópur einstaklinga sé fórnarlamb mansals. Sérfræðiteymið hefur sett sér eigin verklagsreglur. Markmiðið er að tryggja bestu mögulega aðstoð og öryggi fórnarlambins þegar á upphafsstigum máls.

Telji lögreglumaðurinn að rökstuddur grunur hafi vaknað um að viðkomandi sé þolandi mansals ber honum að greina sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal frá því svo fljótt sem verða má. Jafnframt ber lögreglumanninum að skýra fórnarlambinu frá því að á honum hvíli sú skylda að greina yfirvöldum frá því að rökstuddur grunur um mansal sé fyrir hendi og að málið muni fara í hefðbundinn rannsóknarfarveg lögreglu.

Jafnan skal kosta kapps um að fá viðkomandi til að veita upplýst samþykki sitt fyrir því að sérfræði- og samhæfingarteymi sé greint frá máli hans. Freista ber þess að hvetja viðkomandi til að leita aðstoðar.

Aðstoð sérfræðiteymisins er óháð samvinnu hugsanlegs fórnarlambis við lögreglu og því hvernig mögulegri sakamálarannsókn vindur fram. Teymið getur þannig veitt viðkomandi fórnarlambi aðstoð jafnvel þótt rannsókn lögreglu leiði ekki til ákæru.

Ef barn er í fylgd fórnarlambis mansals ber án tafar að upplýsa barnarverndaryfirvöld um það. Ef upplýst er að fórnarlambið eigi barn í umsjá annarra en hafi yfir því forsjá er mikilvægt að sérfræðiteyminu sé greint frá því.

Tryggja ber öryggi þolandans og eftir atvikum vitna. Strax í fyrsta viðtali er mikilvægt að leita upplýsinga um hvort viðkomandi fórnarlambi mansals kunni að vera hætta búin og hver eða hverjir það séu sem kunni að ógna öryggi þess.

Jafnframt kann að reynast nauðsynlegt að gera ráðstafanir sem lúta að bráðaheilbrigðisþjónustu við viðkomandi þolanda mansals. Slíkar ráðstafanir kunna að reynast nauðsynlegar áður en lögregla hefur snúið sér til sérfræðiteymisins í því skyni að virkja fyrirliggjandi stuðningsúrræði.

Vakni rökstuddur grunur um að viðmælandi lögreglu sé þolandi mansals skal greina sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal frá því. Netföng teymisins eru: mansal@dmr.is og humantrafficking@dmr.is.

Ágúst 2010

Greiningardeild ríkislögreglustjóra